

renna í bæjar- eða hreppssjóð. Einnig getur heilbrigðisnefnd látið vinna verk, er hún hefur lagt fyrir, að unnið skyldi, á kostnað þess, er vanrækt hefur að vinna verkið.

Kostnað og dagsektir skv. 2. mgr. má innheimta með lögtaki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. marz 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsgr. 18. gr. laganna orðist svo:

Seðlabankinn ákveður, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, stofngengi (pari) íslenzku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri og gulli. Kaup- og sölugengi má ekki vera meira en 1% undir eða 1% yfir stofngengi. Innan þessara marka skráir Seðlabankinn daglega kaup- og sölugengi þeirra gjaldeyrstegunda, sem þörf er á vegna almennra viðskipta.

2. gr.

Við 20. gr. laganna bætist:

Seðlabankanum er heimilt að taka lán erlendis vegna almennra þarfa landsins í sambandi við gjaldeyrisviðskipti sín.

Seðlabankanum er enn fremur heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurlána fé þetta innanlands, enda komi ábyrgð ríkissjóðs til við endurlánin.

Seðlabankinn er undanþeginn ákvæðum 7. gr. laga nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, að því er varðar lán skv. 2. og 3. málsgrein.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál, falla úr gildi, þá er nýtt gengi hefur verið ákveðið samkvæmt 1. gr. þessara laga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.